



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1307
komudagur 13.3.2006

Reykjavík
10. mars 2006

v/132. löggjafarþing
v/Þskj. 53 – 53. mál

Umsögn um frumvarp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum
(brottvísun og heimsóknarbann).

Samtök um kvennaathvarf lýsa fullum stuðningi við frumvarpið og hvetja eindregið til að það verði samþykkt. Jafnframt er ítrekað að til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi þarf að fara fram heildarendurskoðun á öllum þeim lögum er varða forvarnir, meðferð, afleiðingar og úrræði sem konum og ofbeldismönnum stendur til boða. Sömuleiðis þarf að styrkja félagsleg úrræði, menntun fagstétta og rannsóknir svo eitthvað sé nefnt. Nú er í gangi vinna við endurskoðun fjölda laga og vinnureglna sem snertir kynbundið ofbeldi en heildaryfirsýnina vantar og sérþekking er illa nýtt við þá vinnu. Samtök um kvennaathvarf hafa eindregið hvatt til þess að stofnuð sé nefnd sérfræðinga og stjórnámálanna til að vinna heildstætt að því að útrýma kynbundnu ofbeldi hér á landi, Kvennaathvarfið er að sjálfsgöðu tilbúið til að miðla reynslu og þekkingu við þá vinnu. Þær tillögur sem koma fram í fyrirbyggjandi frumvarpi eru klárlega hluti af þeim úrbótum sem gera þarf hér á landi. Tillögurnar fela í sér að ábyrgðinni á ofbeldinu er snúið þangað sem hún á heima, til ofbeldismanna, í stað þess að konur og börn þurfa endalaust að taka afleiðingum þess ofbeldis sem þau eru beitt.

Samtök um kvennaathvarf ásamt UNIFEM, höfðu veg og vanda að 16 daga átaki fjölda félagasamtaka gegn kynbundnu ofbeldi á síðasta ári og hluti átaksins var fundur með fulltrúum allra stjórnámálaflokka. Fundurinn var haldinn þann 9. desember síðastliðinn og komu þær tillögur sem hér liggja fyrir til umræðu. Fulltrúar allra stjórnámálaflokkanna lýstu yfir stuðningi við að þessi leið væri farin og því er ljóst að grundvöllur er fyrir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Kynbundið ofbeldi er mannréttindabrot sem framið er gegn konum og börnum og þarf vart að tíunda hversu alvarlegt það er hér á landi sem annars staðar. Nægir að vísa í ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta og Neyðarmóttöku vegna nauðgunar því til staðfestingar. Tillögurnar sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi, austurríska leiðin, er í vaxandi mæli nýtt í löndum í Evrópu til að vinna gegn heimilisofbeldi. Fræðslu um árangur þessarar aðferðar má nálgast í grein Rosu Logar, “The Austrian model of intervention in cases of domestic violence”
(<http://www.un.org/womenwatch/daw/egm/vaw-gp-2005/docs/experts/logar.dv.pdf>)

Samtök um kvennaathvarf